

# Smart krítartöflumálning

## Smart Blackboard Paint

Með Smart krítartöflumálningunni er hægt að búa til krítartöflu beint á vegg. Málningin myndar mattan svartan flöt og er tilvalin handa þeim sem vilja gera krítartöflu heima, í skólastofu, á veitingastað eða á skrifstofu. Einnig er hægt að nota segulmálninguna frá Smarter Surfaces undir krítartöflumálninguna til skapa segulmagnaða krítartöflu. Nota má venjulega krít, blauta krít og krítarliti á krítarflötinn. Auðvelt er að hreinsa af henni með þurrum eða blautum klút.

Með krítartöflumálningunni er hægt að auka aðstöðu fyrir sköpun, skilvirkni og einbeitingu án þess að festa sig í stöðluðum stærðum af veggöflum eða töflustöndum. Þannig er mögulegt að breyta heilum veggjum í krítartöflu eða bara nákvæmlega þeim svæðum sem hönnun og stærð rýmisins leyfa. Vinsæl lausn í eldhúsum, veitingastöðum, börum og galleríum.

- 5 ára ábyrgð
- Rispupolin
- Selt í pakkasetti sem inniheldur tilskilinverkfæri
- Auðvelt í notkun – tvær umferðir
- Tilbúin til notkunar eftir 24 klst
- Lyktarlítill, leysiefnalaus, án isocyanates og lágmarks VOC (rokgjörn lífræn efni)

## Tæknilegar upplýsingar

Þekja / Magn / Þyngd – 6 m<sup>2</sup> / 750ml / 1.15 kg

Litur – Svart (RAL 9004)

Gljai – Matt

VOC – 11 g/l

Grunnur – Notið vatnsþynntan grunn á ómálaða fleti

Þurrktími – 2 klst

Viðeigandi fletir – Veggir, skrifborð/fundarborð, húsgögn, gler eða alla slétta, ógljúpa fleti

## Innihald í pakkasetti

1 x krítartöflumálning (6 m<sup>2</sup>)

1 x rúlluskaft

1 x rúlla



## Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og rykfrír. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Slípið yfir vegginn með fínnum sandpappír til að reyna að fá flötinn sem sléttastan
- Gler og aðra spegilsléttu eða glansandi fleti skal matta með slípifilti til að tryggja góða viðloðun
- Ef flöturinn er ómálaður skal grunna með vatnþynntum grunni
- Slípið létt yfir grunninn með fínnum pappír
- Berið fyrstu umferð af krítartöflumálningunni á vegginn með rúllunni sem fylgir pakkanum
- Málið seinni umferð þegar fyrri umferð er orðin þurr. Almennt eru um 2 klst. á milli umferða
- Flöturinn verður tilbúinn til notkunar eftir 24 klst.
- Fyrir fyrstu notkun er gott að nudda hliðina á krít yfir alla töfluna sem er svo strax þvegið af með örtrefjaklút

